








Hvað þykir Margréti gaman að gera?
Á hverju hefur hún áhuga?



Hvað þykir Magnúsi gaman að gera?
Á hverju hefur hann áhuga?



Áhugamál

Hvað þykir þér gaman að gera?

Á hverju hefur þú áhuga?

Átt þú mörg áhugamál?

Stundar þú líkamsrækt?

Hvað er uppáhaldsíþróttagreinin þín?

Horfir þú á íþróttir í sjónvarpinu?

Á hvaða tónlist hlustar þú? Spilar þú á hljóðfæri?

Þekkir þú íslenskar hljómsveitir?

Hvenær fórstu síðast á tónleika?

Hver er uppáhaldshljómsveitin þín?

Hvað þótti þér gaman að gera þegar þú varst barn?

Slovesa

- tři osoby, dvě čísla
- dvě časové formy (syntetické):
 - prézens (nútíð – nt.)
 - préteritum (þátíð – þt.)
- rod (mynd):
 - činný (germynd)
 - trpný (þolmynd)
 - střední (miðmynd)
- způsob (háttur - persónuhættir):
 - indikativ (framsöguháttur – fh.)
 - konjunktiv (viðtengingarháttur – vh.)
 - imperativ (boðháttur – bh.)
- neurčité tvary (fallhættir):
 - infinitiv (nafnháttur – nh.)
 - příčestí přítomné (lýsingarháttur nútíðar – lh. nt.)
 - příčestí minulé (lýsingarháttur þátíðar – lh. þt.)

Klasifikace (podle minulého času)

- slabá slovesa (3-4 třídy; ger. dentální suffix)
- silná slovesa (7 tříd; IE ablaut)
- smíšená / nepravidelná
praeterito-praesentia
ri-slovesa
(„nepravidelná“ slabá / silná)

Běžné hláskové změny

- u / w-přehláska (u-hljóðvarp; A-víxl)
- i / j-přehláska (i-hljóðvarp; B-víxl)
- ablaut (hljóðskipti; C-víxl)

i-přehláska

a > e (að fara > ég fer)

á > æ (að fá > ég fæ)

o > e (að koma > ég kem)

ó > æ (að róa > ég ræ)

u / ju > y

ú / jó / jú > ý (að kjósa > ég kýs; að fljúga > ég flýg)

Přítomný čas sloves

	I (kalla)	II (heyra)	III (telja / fara / kjósa / fá)
ég	kalla	heyri	tel / fer / kýs / fæ
þú	kallar	heyrir	telur / ferð / kýst / færð
hann / það	kallar	heyrir	telur / fer / kýs / fær
við	köllum	heyrum	teljum / förum / kjósum / fáum
þið	kallið	heyrið	teljið / farið / kjósið / fáíð
þeir / þau	kalla	heyra	telja / fara / kjósa / fá

Djúpavík 1934

Nú **er** líf og fjör í Djúpavík. Síldin er komin og hér **vinnur** margt ungt fólk. Hér er mjög stór og glæsileg síldarverksmiðja, fullkomin tækni, fullkomnar vélar og nú er nóg af peningum í Djúpavík. Þetta er ævintýri. „Síldarævintýrið“ í Djúpavík! Margir **vilja koma** hingað til að **vinna**. Hér vinnur fólk mjög mikið og **fær** góð laun. Allir **þurfa** að fá peninga til að **lifa**, ekki satt? Fólkið í Djúpavík **þakkar** fyrir að **hafa** vinnu. Hér er líka skemmtilegt að vinna og **búa**. Fólkið **býr** í tveimur húsum: hús fyrir stelpur og hús fyrir stráka. Ástin **blómstrar** líka í Djúpavík!

vera – er, ert, er

vinna – vinn, vinnur, vinnur

vilja – vil, vilt, vill

koma – kem, kemur, kemur

fá – fæ, færð, fær

þurfa – þarf, þarft, þarf

lifa – lifi, lifir, lifir

þakka – þakka, þakkar, þakkar

hafa – hef, hefur, hefur

búa – bý, býrð, býr

blómstra – blómstra, blómstrar, blómstrar

Af hverju kemur margt ungt fólk til Djúpavíkur?

Er verksmiðjan úrelt og ömurleg?

Er fólkið í Djúpavík fátækt?

Af hverju eru allir glaðir?

Hvernig þykir fólkinu

að búa í Djúpavík?



Síldarævintýrið í Djúpavík er búið

Síldin er farin frá Djúpavík. Hér eru engin skip lengur. Ekkert fólk. Verksmiðjan er tóm. Öll hús **standa** tóm. „Við **fáum** ekki fiska í dag – og ekki á morgun. Hér eru engir fiskar. Síldin er farin,“ **segir** forstjórinn í Síldarverksmiðjunni í Djúpavík.

Nú er allt breytt. Áður var Djúpavík full af lífi: fullt af skipum, fullt af konum og körlum, allir glaðir og bjartsýnir. Svo **breytist** allt. Síldin **fer**. Já, svona er náttúran. Hún **stjórnar** öllu. Fólkið stjórnar ekki náttúrunni.

Gleðin í Djúpavík breytist í sorg. Bjartsýnin breytist í svartsýni. „Hvernig **verður** framtíðin?“ **spyr** forstjórinn. „Fólkið er atvinnulaust. **Fær** það nýja vinnu? Allir verða að fá vinnu, mat og húsnæði, það **vitum** við. Fólkið mitt **bíður** eftir nýju ævintýri,“ segir forstjórinn að lokum.

standa – stend, stendur, stendur

fá – fæ, færð, fær

segja – segi, segir, segir

breyta – breyti, breytir, breytir

fara – fer, ferð, fer

stjórna – stjórna, stjórnar, stjórnar

verða – verð, verður, verður

spyrja – spyr, spyrð, spyr

vita – veit, veist, veit

bíða – bíð, bíður, bíður